

Miðvikudaginn 27. júní 1990.

Nr. 224/1988. **Porkell Sigurbjörnsson**

(Árni Halldórsson hrl.)

gegn

Sigurði Eiríkssyni

skiptaráðanda í Suður-Múlasýslu

vegna þrotabús Austurverks hf.

(sjálfur).

Gjaldprotalög. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar samkvæmt heimild í 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að launakrafa hans, að fjárhæð 442.993 krónur, að viðbættu orlofsfé, 30.671 krónu, vöxtum til upphafs gjaldþrotaskipta, 32.935 krónum, eða samtals 506.599 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Austurverks hf. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

I.

Hinn 14. október 1986 kom áfrýjandi fyrir skiptarétt Suður-Múlasýslu og lagði fram beiðni um, að bú Austurverks hf. á Egilsstöðum yrði tekið til gjaldþrotaskipta, og var beiðnin undirrituð af þremur stjórnarmönnum félagsins, en áfrýjandi var framkvæmdastjóri þess. Sama dag var kveðinn upp úrskurður um, að bú félagsins væri tekið til gjaldþrotaskipta.

Innköllun var gefin út þennan sama dag, og lauk kröfulýsingarfresti 5. janúar 1987. Með bréfi til skiptaréttarins 30. desember 1986, sem mótttekið var 5. janúar 1987, lýsti áfrýjandi sem forgangskröfu í þrotabúið kröfu vegna ógreiddra vinnulauna, orlofs o.fl.,

samtals að fjárhæð 498.147,75 krónur, auk hæstu leyfilegra vaxta. Með bréfinu fylgdi ljósrit af yfirliti yfir viðskipti áfrýjanda við Austurverk hf. á árinu 1986.

Sigurður G. Guðjónsson héraðsdómslögmaður, aðstoðarmaður skiptaráðanda, gerði skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúinu samkvæmt 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem dagsett er 10. febrúar 1987. Var kröfu áfrýjanda, sem var númer 13 á skránni, lýst þar sem almennri kröfu frá hluthafa og þess getið, að henni væri hafnað að svo stöddu. Hinn 13. febrúar 1987 ritaði aðstoðarmaður skiptaráðanda áfrýjanda bréf og tilkynnti honum, að kröfu hans væri hafnað að svo stöddu, „bæði að því er varðar fjárhæð og stöðu í kröfuröð“. Þá segir einnig svo í bréfinu:

„Um launakröfu er vart að ræða en hins vegar möguleiki að krafa þín verði skoðuð sem lán til félagsins. Hafa verður því í huga að eins má líta á þetta sem óafturkræft framlag til félagsins.“

Á skiptafundi, sem haldinn var í búinu 18. febrúar 1987, mætti áfrýjandi og áskildi sér rétt til greinargerðar. Á næsta skiptafundi hinn 25. mars 1987 mætti lögmaður fyrir hönd áfrýjanda og lagði fram greinargerð ásamt fylgibréfi. Er síðan bókað: „Skiptaráðandi sér ekki ástæðu til að samþykkja kröfu nr. 13 sem forgangskröfu að svo stöddu. Árni Halldórsson hrl. krefst úrskurðar og áskilur sér rétt til frekari greinargerðar.“

Mál þetta var síðan tekið fyrir í skiptarétti Suður-Múlasýslu 29. maí 1987 af Helgu Jónu Benediktsdóttur fulltrúa, og voru þá af hálfu áfrýjanda lögð fram 4 skjöl, þ.e. greinargerð, málskostnaðarreikningur og tvær ábyrgðaryfirlýsingar vegna starfa áfrýjanda sem byggingarstjóra og meistara í tengslum við starf hans sem framkvæmdastjóra Austurverks hf. Var síðan bókuð krafa áfrýjanda, en lögmaður hans var mættur í réttinum. Að þessu loknu var málið tekið til úrskurðar og samstundis kveðinn upp hinn áfrýjaði úrskurður, svohljóðandi:

„Ú r s k u r ð u r :

Í 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 kemur fram, að ef launkrafa eigi að teljast forgangskrafa í þrotabú, verði vinna að hafa verið innt af hendi í þjónustu þrotamanns. Hér er hins vegar um að ræða kröfu framkvæmdastjóra og vegna þeirrar stöðu hans í viðkomandi fyrirtæki er ekki hægt að telja að störf

hans hafi beinlínis verið í þágu þess, heldur fremur í hans eigin þágu. Skilyrði til að taka umrædda launakröfu til greina eru því ekki fyrir hendi. Krafa um vexti og krafa um málskostnað verða heldur ekki teknar til greina.

Úrskurðurinn er án frekari forsendna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa Þorkels Sigurbjörnssonar um, að launakrafa hans verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Austurverks hf., er ekki tekin til greina.“

II.

Í kröfulýsingu áfrýjanda kemur glögggt fram, að hann telur kröfu sína vera forgangskröfu vegna ógreiddra vinnulauna, orlofs o.fl. Bar að geta þessa á skrá yfir lýstar kröfur, sbr. 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga. Það var ekki gert. Af því leiddi, að eigi liggur fyrir viðhorf annarra kröfuhafa í þrotabúinu til umræddrar kröfu áfrýjanda, sbr. 1. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga.

Er áfrýjandi andmælti álitu skiptaráðanda, var óhjákvæmilegt, að réttmæti kröfu hans yrði kannað og þá meðal annars forsendur og efni þess viðskiptayfirlits, sem hann lagði fram, ásamt starfskjörum hans hjá Austurverki hf.

Vegna þeirra annmarka á málsmeðferð, sem nú hefur verið lýst, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 29. maí 1987 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar er hvorki getið sóknaraðila né kröfugerðar hans.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð frá og með 29. maí 1987 skulu vera ómerk, og er málinu vísað heim til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Suður-Múlasýslu 29. maí 1987.

Í 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 kemur fram, að ef launakrafa eigi að teljast forgangskrafa í þrotabú, verði vinna að hafa verið innt af hendi í þjónustu þrotamanns. Hér er hins vegar um að ræða kröfu framkvæmdastjóra, og vegna þeirrar stöðu hans í viðkomandi fyrirtæki er ekki hægt að telja, að störf hans hafi beinlínis verið í þágu þess, heldur fremur í hans eigin þágu. Skilyrði til að taka umrædda launakröfu til greina eru því ekki fyrir hendi. Krafa um vexti og krafa um málskostnað verða heldur ekki teknar til greina.

Úrskurðurinn er án frekari forsendna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa Þorkels Sigurbjörnssonar um, að launakrafa hans verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúi Austurverks h/f, er ekki tekin til greina.
